



# Búðarárbakki

## 17. aldar býli í felum

Fornleifar nr. 4 í Hrunamannahreppi, Árnessýslu  
Skýrsla um fornleifarannsóknir sumarið 2004



Bjarni F. Einarsson  
2004

Forsíðumyndin sýnir lokræsi í bæjargöngum Búðarárbakka. Ræsið hefur væntanlega legið um göngin og út um bæjardyrnar. Ljósm. B.F.E. (Stafrænar myndir nr. 31).

# FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

Unnið fyrir Landsvirkjun  
© Bjarni F. Einarsson  
Nóv. 2004





*Efnisyfirlit*

1 Inngangur	7
2 Markmið rannsókna	8

**I**

3 Úr heimildum	9
----------------	---

**II**

4 Hinar meintu leifar Búðarárbakka	13
4.1 Staðhættir	13
4.2 Rannsóknin	14

**III**

5 Hinn eiginlegi Búðarárbakki	18
5.1 Staðhættir	18
5.2 Rannsóknin	19

**IV**

6 Samanburður og umfjöllun	24
6.1 Um aldur Búðarárbakka	24
6.2 Forna-Lá	25
6.3 Sandártunga	26
6.4 Önnur kot	28
6.5 Aðlögun eða ekki	30
6.6 Hvað segja gripirnir	31
7 Niðurstaða	33
8 Heimildir	34

Tæknilegar upplýsingar	36
------------------------	----

Skrár:	36
--------	----

Litskygguskrá	37
---------------	----


Stafrænar myndir	45
------------------	----

Fundaskrá	57
-----------	----

Úr fornleifaskrá, nr. 4 í Hrunamannahreppi	59
--	----

Úr fornleifaskrá, nr. 5 í Hrunamannahreppi	60
--	----






Mynd 1. Staðsetning Búðarárbakka á Íslandi (Landmælingar Íslands. Atlaskort, CD Rom. Reykjavík 2003).

## **I Inngangur**

Að beiðni Landsvirkjunar tók Fornleifafræðistofan að sér að grafa nokkrar pruhuholar og prufuskurði þar sem talið var að eyðibýlið Búðarárbakki (fornleifar nr. 4 í sveitarféluginu) sé og staðfesta þannig nákvæma staðsetningu bæjarins sem liggur við mörk afréttarlands Hrunamanna í Árnessýslu. Munu sjálf mörkin vera við Búðará þannig að bærinn hefur staðið rétt utan þeirra. Bærinn hefur væntanlega staðið í landi Hamarholts, sem fór í eyði 1875 og lagðist þá til Jaðars (Örnefnaskrá). Einnig var farið fram á að rústir eyðibýlisins Búðarártungu (stundum kallað Búðartúng, fornleifar nr. 5 í sveitarféluginu) yrðu skrásettar og færðar inn á kort. Þær eru í afréttinni.

Aðstoðarmenn við rannsóknirnar voru Kristján Mímisson fornleifafræðingur og Sandra Sif Einarsdóttir fornleifafræðinemi. Uppgröftur fór fram dagana 16. - 27. ágúst 2004. Veður var mjög gott, hlýtt og þurrt.



Mynd 2. Loftmynd með staðsetningu Búðarártungu og Búðarárbakka. Staðsetning fornleifa nr. 6 er óbreytt. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: BFE.

## 2 Markmið rannsóknanna

Vegna hinnar fyrirhuguðu Sultartangalínu 3 var talið nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort meintar minjar eyðibýlisins Búðarárbakki væru örugglega þar sem þær voru merktar inn á kort og GPS mældar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum línumunnar. Í umsókn til Fornleifarverndar ríkisins segir svo um tilgang rannsóknanna:

*„Tilgangur rannsóknanna er að fá það staðfest að umræddar minjar séu rústir eyðibýlanna Búðarárbakki og Búðarártunga eins og talið er í skýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum. Varðandi Búðarártungu er ekki líklegt að rannsaka þurfi neinar minjar, en það verður aðeins gert ef líkur eru á því að þær séu annarsstaðar en fremst á tungunni við ármót Búðarár og Hvítár.*

*Ef hinum meintu minjar eyðibýlisins Búðarárbakka eru ekki þar sem þær eru talðar vera í fornleifaskrá eru þær annarsstaðar. Þá þarf að leita þeirra frekar. Sama á við um Búðarártungu“* (Fornleifarvernd ríkisins. Umsókn um leyfi til fornleifarannsókna árið 2004. 10. ágúst 2004). Pessum vafa um staðsetninguna var nauðsynlegt að eyða.

Vegna línlagnarinnar þurfti m.a. að taka efni á nokkrum stöðum og setja niður línuvegi sem hótað gat fornleifum. Ekki er hægt að standa vörð um fornleifar sem ekki er vitað hvar eru!

Rústir Búðarárbakka voru friðlýstar árið 1927. Er þriggja býla getið í þeirri friðlýsingi, Pórarinsstaða, Laugahvamma og Búðarárbakka „á suðausturbakka Búðarár við veginn“ (Fornleifaskrá 1990:75).

### 3 Úr heimildum

Elstu heimildir um eyðibýlin tvö Búðarártungu (Búðartungu<sup>1</sup>) og Búðarárbakka eru í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 (Kaupmannahöfn 1918-1921:273, 276-77).

Í Jarðabókinni, segir svo um Búðarártungu í Ytra Hreppi:

*„Budarár-tunga heitir syðsti jaðar af Ytra Hreppsmannafrjett, þar bygði býli fyrir nærrí 50 árum einn fjörgamall maður, sem alla hans daga hafði af nýúngagirni skrölt frá einni jörð til annarrar, og búið á 27 jörðum, og setti þetta býli þar í óþakklæti, eða, sem nokkrir ætla, með leyfi nokkurra hreppstjóra, og bjó þar hjer um 4 ár“ (sama 1918-1921:273).*

Um þann sem þarna bjó segir á öðrum stað í Jarðabókinni á eftirfarandi hátt:

*„Í þessu Túngufelli, (sem fyrrum hafði verið selstaða), reisti bygð fyrir nokkrum og 50 árum Porkell nokkur (sá sami sem síðar byggði Búðarártíngu í Ytra Hreppsmanna afrjett) og bjó þar í eitt eður tvö ár“ (sama 1918-1921:277).*

Bæjarstæði Búðarártungu er fremst eða yst í tungunni þar sem ármót Búðarár og Hvítár eru. Eru aðeins nokkrir tugir metra í ármót þessi. Nær engar leifar af bænum eru í dag sýnilegar (sjá nánar fylgirit; fornleifaskrá).

Eftir fjögurra ára búsetu að Búðarártungu byggði áðurnefndur Porkell sér nýjan bæ á bakkanum handan við Búðaránnna.

Um Búðarárbakka segir svo í Jarðabókinni:

*„Par bjó hann [Porkell] í 9 eður 10 ár afgiftarfrí framan af. Á síðustu árum galt hann í....*

*Landskuld xx álnir.*

*Leigukúgildi var ekkert.*

*Að síðustu flutti hann sig hjeðan í Skógarkot, Túngfells hjáleigu, og dó þar á sama ári, en Búðarárbakki lagðist í eyði, og hefur aldrei síðan bygst, og líkast að aldrei byggist.*

*Heyskapur var hjer enginn af útheys slægjum nema það, sem hann eins og fyrri sókti í afréttina, en túnið tók nokkuð til að græðast upp, svo hann fekk þar á síðustu árunum hjer um hálft kýrfóður, en nú er það aftur í örreit komið“ (sama 1918-1921:273).*

Í Chorographica Islandica er aðeins Búðartungu getið sem eitt af mörgum eyðibýlum á Hrunamannafrétti (Árni Magnússon 1955:41). Hvergi er þar minnst á Búðarárbakka. Það mun hafa verið séra Daði Halldórsson í Steinsholti sem skrifaði um þetta í handritinu, sem annars er eignað Árna Magnússyni. Virðist Daði telja að Búðartunga hafi farið í eyði í „plágunni stóru“ 1494-95 eins og sum önnur býli (sami 1955:5).

<sup>1</sup> Nota ég bæði heitin eftir því í hvern ég er að vitna hverju sinni. Annars kýs ég að nota heitið Búðarártunga þegar svo ber undir.

Í bréfi séra Jóns Steingrimssonar prests í Reykjadal og síðar Hruna til hinnar konunglegu „*Commission for oldsagers opbevaring*“ dagsett þann 24. júlí 1818 segir prestur frá öllum þeim fornleifum sem hann taldi í frásögur færandi í sókn sinni. Um eyðibýli í sókninni segir hann:

*„I Hvítárhvömmum nánasta Afréttar-Plátsi fyrir nordan Hamarshollt, veit Almenníngur ad nefnda adskiljanlega Bæi, er í Fyrndinni skylldu þar hafa stadið, en eydilagts af Heklugosum, hvar á medal eg mynnist, sem þeirra sérlegustu: Búðartúngu, Rógshóla, Lauga, Pórarinssstada og Mörþúfna, og óræk Merki sjást enn til þessara Fornbýla af gömlum Tóptum sem þar eru“* (Frásögur um fornaldarleifar 1983:213).


Hvergi minnist séra Jón á Búðarárbakka, eins og séra Daði, sem er all merkilegt sökum þess að þar á að hafa verið búið mun lengur. Daði taldi býlið hafa farið í eyði í „plágunni stóru“ en Jón að það hafi eyðilagts í Heklueldum (1104 eða 1693?). Eins og fram kemur hjá Kristjáni Eldjárn þá var algengt að útskýra eyðingu byggða með skírskotun í svartadauða 1402 eða „plágunni stóru“. Svipað er uppi á teningnum í Noregi (Kristján Eldjárn 1949:40. Bjarni F. Einarsson 1995:72). Hvergi hefur það verið staðfest að býli sem sögð eru hafa farið í eyði í svartadauða hafi í raun gert það. Yfirleitt hafa þau farið mun fyrr í eyði.

Árni Magnússon og Páll Vídalín hafa greinilega fengið upplýsingar hjá staðkunnugum um aldur rústanna við Búðará þó þær hafi ekki ratað víðar fyrr en Jarðabækurnar voru gefnar út.

Bæjanna er svo ekki getið aftur fyrr en Brynjúlfur Jónsson frá Minnanúpi fer þar um sumarið 1895 í þeim tilgangi að rannsaka byggðaleifar á Hrunamanna-afrétti. Lýsir hann staðsetningu bæjanna nokkuð vel og húsaskipan á Búðarárbakka mjög nákvæmlega (Brynjúlfur Jónsson 1896:3-4). Um Búðarártungu segir að þar sé girðing fyrir ofan græna, slétta og fagra flót. Engar rústir sjást aðrar en ávöl bunga með steinalögum sem hann segir sýna að þar hafi byggð verið.

Lýsing Brynjúlfs á húsaskipan að Búðarárbakka er svohljóðandi:

„Rústin sjest nokkurn veginn glöggt. Bærinn hefir verið mjög líttill. Dyr eru mótt suðri, og strax fyrir innan þær sín tóft út úr þeim



Bruun 1898, fylgirit. Mynd IX.

Mynd 3. Teikning Bruuns af Búðarárbakka (fornleifar nr. 4 í Hrunamannahreppi) frá 1898. Norður vísar í raun í segul-austur á teikningunni. Lýsing Brynjúlfs er réttari hvað þetta varðar. Hús 2

*til hvorðar handar, og fyrir innan þessar enn aðrar, sín hvorum megin. Allar þessar 4 tóftir eru nálægt jafnstórar: rúml. 2 faðmar á lengd (hver) og 1<sup>1/2</sup> (eða nær því) á breidd. Fyrir innan þessar 4 tóftir er hin fimmtí þversum, innst í bænum, og kemur gangurinn frá bæjardyrunum inn í suðurhlið hennar nálægt miðju. Hún er nál. 5 faðma löng og 1 1/2 faðm. breið. Mun það hafa verið baðstofan, en hitt önnur innanbæjarhús. Vestur af tóftunum gengur stór tóft eða lítil girðing, er jeg ætla að verið hafi heygarður. Fjóstóft sjest þar hvergi“ (Brynjúlfur Jónsson 1896:3-4). Brynjúlfur minnist ekki einu orði á rúst nr. 2 sem teiknuð er á mynd. 3. Áttir sem Brynjúlfur nefnir eru seguláttir eða því sem næst (hjá Bruun er gengið út frá því að norður hafi verið inn til landsins í sömu stefnu og Hvítá, en það var málvenja í sveitinni (Örnephnaskrá).*

Brynjúlfur virðist ekki vera kunnugt um umfjöllun Árna Magnússonar og Páls Vídalíns á bænum, minnist a.m.k. ekki á Jarðabókina, og segir um aldur býlanna að; „*Báðir þessir bæir [Búðarártunga og Búðarárbakki] munu hafa staðið fram á seinni aldir. Ræð jeg það einkum af húsaskipuninni á Búðarárbakka; svo og má líta til þess, að þeir hafa verið byggðinni næstir*“ (1896:4). Bruun gengur þá væntanlega út frá því að byggðin hafi hörfað smám saman niður afréttina og endað við Búðará.

Premur árum síðar fer hinn danski fræðimaður Daniel Bruun um hálandi Íslands, m.a. í fylgd Brynjúlfss Jónssonar til að rannsaka þar ýmsar byggðaleifar víðsvegar um landið. Hann birtir uppdrátt af Búðarárbakka (sbr. mynd 3) en kannaði staðinn ekki frekar.<sup>2</sup>

Búðarárbakki var svo friðlýstur 1927 eins og fram kom hér að ofan, ásamt nokkrum öðrum eyðibýlum á afréttinni sem „fornt“ eyðibýli. Er staðarlýsingin í friðlýsingunni meginástæða þess að staðurinn var ranglega staðsettur við umhverfismatið. En í staðarlýsingunni segir að Búðarárbakki sé á „suðaustur-bakka Búðarár við veginn.“

Gamli vegurinn upp í afréttina liggur aðeins nokkra metra frá hinum meintu minjum Búðarárbakka (fornleifar nr. 6 í sveitarfélaginu). Engir aðrir vegir eða slóðar eru sjáanlegir á svæðinu. Til merkis um þennan gamla veg eru tvær vörður handan við Búðarána sem varðað hafa þennan veg.

Vegna vinnu við umhverfismat Sultartangalínu 3 var línustæðið og nánasta umhverfi þess kannað á vettvangi með tilliti til fornleifa. Fór könnun þessi fram í ágúst – október 2001 eins og áður er getið. Í umhverfismatskýrslu segir svo um hinum meintu rústir Búðarárbakka: „*Í dag er ekki hægt að sjá hvernig býlið hefur litið út og ekki hægt að segja með fullu öryggi að það hafi fundist, þó að líkurnar á því séu miklar.*

<sup>2</sup> Grein Bruuns er þýdd á íslensku og þar er búið að bæta við upplýsingunum sem fram koma í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (Bruun 1898:55).

*Hugsanlega hefur einhver vitneskja um staðinn legið fyrir þegar hann var friðlýstur, vitneskja sem undirrituðum er ekki kunn nú. T.d. að þarna hafi staðið býli áður en Porkell bóndi byggði upp staðinn“ (Bjarni F. Einarsson 2001:11).*

Nokkru síðar segir svo: „*Heppilegt væri að fá það staðfest með prufuholugrefti hvort þetta væru meintar minjar býlisins eða ekki svo hægt verði að útiloka önnur svæði“ (sami 2001:20). Þessi vafí kallaði á rannsókn og staðfestingu á staðsetningu býlanna.*


Eyðibýlið Búðarártunga var ekki kannað á vettvangi þegar umhverfismatið fór fram vegna ófærðar. Það var hins vegar gert þegar rannsóknirnar stóðu yfir (sjá meðfylgjandi fornleifaskrá).

Uppgröftur hófst á bakkanum þann 17. ágúst 2004. Snemma varð ljóst að þar var ekki allt með felldu. Ekki fannst tangur né tetur af einu né neinu sem bent gat til mannvistar á staðnum. Verður nú nánari grein gerð fyrir rannsóknunum og mun efninu verða skipt í two staði; annars vegar meintar minjar Búðarárbakka (II – hluti) og hinsvegar hinar eiginlegu minjar Búðarárbakka (III – hluti).



Mynd 4. Yfirlitsmynd af hinum meintu rústum Búðarárbakka. Í bakgrunni rennur Búðaráin og við sjóndeildarhringinn eru Jarlhettturnar utan í Langjökli. Horft til NV. Ljósm. BFE (Stafrænar myndir nr. 3).

## II



Mynd 5. Planteikning af hinum meintu (og friðlýstu) rústum Búðarárbakka. Norður vísar í segulnordur (Frumt. KM/SSE. Hreint. BFE.).

#### 4 Hinum meintu leifar Búðarárbakka

##### 4.1 Staðhættir

Í umhverfismatinu er staðháttum m.a. lýst svohljóðandi: „*Ca. 30 m SV af Búðará, á eyri undir árbakka, framan við gróið gil. Vestan við laek.*“ GPS

mælingin sem gerð var þá staðsetti rústirnar við N64°21.30 W020°01.63 (skekkja <10 m). Árbakkinn ofan við hinar meintu rústir er nokkuð vel gróinn á köflum, en illa blásinn á öðrum. Nánasta umhverfi hinna meintu rústa er vel gróið og votlent. Fast upp við hinar meintu rústir að ofanverðu (sunnanverðu) er mýrarfláki á stærð við hinar meintu rústir og lækjarsytrur báðum megin við þær, sem renna í Búðará.

Einkennandi fyrir landslagið er hlykkjótt Búðaráin og langar og aflíðandi brekkur upp af henni til suðausturs. Fjallasýnin er býsna mikil til norðurs þar sem sér til jöklar.

#### *4.2 Rannsóknin*

Sett var upp eigið hnitakerfi og var ákveðið að hafa miðpunkt kerfisins X 100 Y 200 og hæðarpunkturinn var skilgreindur á Stein við X 79,30 Y 205,90. Hæð hans yfir sjávarmáli var ekki skilgreind. X óx til norðurs og Y til austurs. GPS mæling á hæðarpunktinum var N64°21.261 W020°01.629 (skekkja 5 m). Hæð hans yfir sjávarmáli var ekki skilgreind.

Stungið var ofan af öllum prufuskurðum og prufuholum og síðan grafið á hefðbundinn hátt eins langt niður og þurfa þótti.

Teknar voru stafrænar myndir og litskyggjur af gangi rannsóknarinnar. Planteikning af hinu meinta bæjarstæði var teiknað í mælikvarðanum 1:100, en nægja þótti að teikna hluta af sniðum í mælikvarðanum 1:20 í sín hvorum prufuskurði og lýsa sniðum í prufuholum.

Engin sýni voru tekin og engir gripir fundust við hinar meintu rústir Búðarárbakka.

##### *4.2.1 Prufuskurður 1*

SV – horn hans var við X 92 Y 100. Skurðurinn var 1 x 6 m langur og dýpt hans um miðbikið ca. 0,4 – 0,6 m. Var hann dýpri til endanna, en S – endi var 1,2 m djúpur þar sem hann var dýpstur. N – endi var 1 m djúpur. Snið endanna var teiknað (sjá mynd 6).

Staðsetning skurðarins var ákveðin út frá þeim grun að syðsti hluti hans færi í gegnum A – vegg syðra hólfsins á hinni meintu rúst skv. teikningu Daniels Brunns frá 1898 (mynd 3).


Engar vísbendingar um mannvist komu í ljós.

##### *4.2.2 Prufuskurður 2*

SV - horn skurðarins var við X 104 Y 202. Stærð hans var 1 x 4 m. Dýpt hans var ca. 0,2 – 0,56, en N – endinn var nokkuð dýpri eða 0,9 m. Sá hluti var nákvæmlega teiknaður (sjá mynd 7).

Skurðinum var valinn staður í vestasta rýminu (því innsta) þar sem veggjabrota og gólf var að vænta skv. teikningu Daniels Bruuns.

Engar vísbendingar komu í ljós sem táknuðu mannvist af nokkru tagi.



Mynd 6. Langsnið í prufuskurði 1. Aðeins 1 m breiðir dálkar til endanna voru teiknaðir. Ath. að mælikvarðinn er ekki sami og á mynd 7 (Frunt. SSE/KM. Hreint. BFE).

Mynd 7. Langsnið í prufuskurði 2. Aðeins 1 m breiður dálkur var teiknaður í norðurenda skurðarins. Ath að mælikvarðinn er ekki sami og á mynd 6 (Frunt. SSE/KM. Hreint. BFE).

#### 4.2.3 Prufuhola 1

Holan var grafin handan við læk eða lækjarsytru örskammt austan við hinar meintu rústir. Hnitin voru við X 100 Y 225 (SV – horn ætíð mælt í öllum holum). Stærð hennar var 1 x 1 m og mesta dýpt 1,09 m (1 m að jafnaði).

Á 0,41 m dýpi kom í ljós svart og gróft gjóskulag, 1,5 – 3 sm á þykkt. Ú.p.b. 5 sm undir því var þynnra og fínna svart gjóskulag. Undir og yfir þessum svörtu gjóskulögum, var ljósleitur vikur áberandi í jarðveginum.

Á 0,78 m dýpi var afmarkað og slitrótt grúslag. Að öðru leyti voru jarðlög all blönduð gjósku, sandi, áfoki og mold. Hugsanlega var jarðvegurinn vatnsborinn (flóð í Búðará?).

Engar vísbendingar um mannvistarlag eða mannvist komu í ljós.

#### 4.2.4 Prufuhola 2

Holan var staðsett við X 88 Y 215, einnig austan við áðurnefnda lækjarsytru. Stærð holunnar var 1 x 1 m og mesta dýpt hennar var 1,1 m. Meðaldýpt hennar var 0,95 m.

Á 0,4 m dýpi var svart og gróft gjóskulag ca. 1 – 2,5 sm þykkt. Ca. 3 sm undir því var svart og fínt gjóskulag sem var nokkuð ógreinilegt á kafla. Annars var holan svipuð og prh. 1. Engar vísbendingar komu í ljós sem bentu til mannvistar.

#### 4.2.5 Prufuhola 3

Staðsetning holunnar var X 100 Y 215 (austan við lækjarsytruna) og stærð hennar var 1 x 1 m. Mesta dýpt var 0,88 m, en yfirleitt var hún þó 0,82 m.

Á 0,33 m dýpi var svart og gróft gjóskulag og ca. 3 sm undir því var svart og fínt gjóskulag. Víða sást aðeins annað gjóskulagið (virðist hið grófara vanta). Á ca. 0,46 m dýpi var malarlag (ekki alls staðar í holunni). Að öðru leyti voru jarðlög svipuð og í prh. 1 og 2.

#### 4.2.6 Prufuhola 4

Holan var grafin við X 110 Y 215 (austan við lækjarsytruna). Stærðin var 1 x 1 m og mesta dýpt hennar var 0,65 m, en meðaldýpt um 0,52 m.

Á 0,25 m dýpi kom svört og gróf gjóska í ljós sem var ca. 2 – 3 sm á þykkt. Um 2 – 4 sm undir henni var svart og fínt gjóskulag sem var ca. 1 sm á þykkt. Var þetta síðasttalda gjóskulag fremur ógreinilegt og slitrótt.

Á ca. 0,4 m dýpi kom í ljós gróf möl sem virðist vera árframburður. Engar vísbendingar um mannvistarlag komu í ljós og jarðlög í stórum dráttum eins og í prh. 1 – 3.

#### 4.2.7 Prufuhola 5

Prufuholan var grafin í áberandi grasi gróinn hól undir brekkunni og voru hnitin X 71,30 Y 199,30. Stærð holunnar var 0,5 x 0,5 m og mesta dýpt hennar 0,75 m.

Á 0,2 m dýpi mátti grilla í svart og gróft gjóskulag. Áberandi mikið var af ljósum vikri í bland við áfokslögin (H 1104?).

Ekkert benti til mannvistar og voru jarðög eins og áður hefur verið lýst.

#### 4.2.8 Prufuhola 6

Þessi prufuhola var grafin þar sem talið var að Daniel Bruun hafi gert ráð fyrir húsi 2 sbr. mynd 3. Staðsetning hennar var X 64,7 Y 229,8 og stærð hennar var 0,5 x 0,5 m. Mesta dýpt hennar var 0,65 m.

Á 0,45 m dýpi var komið niður á ca. 2 – 4 sm þykkt svart og gróft gjóskulag. Ekkert kom í ljós sem benti til mannvistar og voru jarðög svipuð því sem áður er lýst.

#### 4.2.9 Prufuhola 7

Holan var grafin í grasi gróinn hól í jaðri mýrar. Er hann dálítið blásinn. Var staðsetning hennar X 88 Y 177,5 og stærðin 0,5 x 0,5 m. Mesta dýpt holunnar var 0,57 m.

Á 0,3 m dýpi kom títtnefnt svart og gróft gjóskulag í ljós, um 1 – 3 sm á þykkt.

Engar vísbendingar um mannvist sáust og jarðög voru svipuð og áður hefur verið lýst.

Niðurstöður rannsóknanna við hinum meintu minjar eyðibýlisins Búðarárbakka eru að þarna eru engin mannvirki né mannvistarlag af nokkru tagi, aðeins skemmtilega lagaðar þúfur og bakkar sem náttúran hefur smíðað í samráði við náttúruöflin. Ekki eitt einasta viðarkol, brennt bein eða annað sem tengja má mannvist á staðnum kom í ljós við þessa rannsókn. Er algerlega lokað fyrir það skotið að þarna hafi mannvirki nokkurn tímaminn staðið.

Hin tvö títtnefndu gjóskulög, það grófa og hið fína, eru hugsanlega annarsvegar Heklulag frá 1766 og hinsvegar Kötulag frá 1721 (samanburður við gjóskustöpla hjá Sigurði Þórarinssyni 1949:4). Priðja svarta gjóskulagið (sbr. nr. 7 á mynd 7 gæti verið Heklulag frá 1693, sem einnig er gróft (sama heimild).

Í nokkur skipti er þess getið að áfokslög hafi verið blönduð ljósum vikri sem getum er að leitt að kunni að vera gjóska úr H 1103. Petta ljósa vikurlag er enn á ferðinni á svæðinu og gefur því engar vísbendingar um aldur, enda ekki *in situ* í áðurnefndum jarðögum.

Breyta þyrfti friðlýsingu og færa hana til betri vegar varðandi staðsetningu Búðarárbakka. Hann stóð ekki þar sem hér var grafið.



Mynd 8. Yfirlit yfir rústir eyðibýlisins Búðarárbakka. Sjá má rof í gamla árbakkanum hinum megin við Búðaránn. Á bakgrunni myndarinnar sér í Langjökul og Jarlhettturnar. Horft til N. Ljósm. BFE (Stafrænar myndir nr. 15).

### III

#### **5 Hinn eiginlegi Búðarárbakki**


##### **5.1 Staðhættir**

Bærinn hefur staðið sunnan megin við Búðará við síðustu beygjuna áður en áin fer um gil eitt og sameinast Hvítá, aðeins nokkur hundruð metrum neðar til vesturs. Er hann býsna framarlega á gömlum grasi grónum árbakka sem fýkur úr á stöku stað og mun laska rústirnar innan fárra áratuga haldi áfram sem horfir. Hallar frá bænum til allra átta, nema til NA. Ekki er þó hægt að tala um hól eða bæjarhól.

ENN eldri árbakki er skammt ofan og sunnan við rústirnar og uppi á honum ræður uppblásturinn ríkjum, þó vera kunni að seinni tíma sáning hafi náð að hemja hann, en ummerki um sáningu mátti sjá um allt þetta svæði.

Vestan, sunnan og austan við rústirnar er gamalt tún, ca. 1/2 - 1 hektari eða svo að stærð.

Búðarárbakki er í örskotsfjarlægð frá Búðarártungu, þar sem sá er bæinn byggði bjó áður og ótrufluð sjónlína á milli sbr. mynd 14.



Mynd 9. Planteikning af Búðarárbakka og staðsetningar prufuhola. Ath. að rúst sú sem Daniel Bruun teiknar (sjá mynd 3 hér að framan) suðaustur af bæjarhúsunum reyndist vera náttúrumyndun ein. Sama á við um hið meinta hús á þessari teikningu. Norðurpílan sýnir stefnu hnítakerfisins, en segulnorður var nokkrar gráður til vesturs. Stærðahlutföll eru frábrugðin þeim á myndum 15 og 16. Teikningin ætti að vera ca. 10% stærri (Frumt. SSE/KM. Hreint. BFE).

Bæjarrústn var ca. 11 x 16 m stór (ASA – VNV), veggir eru úr torfi og grjóti, um 1 – 3 m breiðir og 0,1 – 0,3 m háir. Sex hólf eru sýnileg á rústinni (hólf A – F) og eru dyr á þeim öllum. Á hólfum A og C eru dyrnar mótt VNV. Á hólfum B og D eru þær mótt ASA og á hólfum E og F snúa þær mótt SSV. Grilla mátti í trúlega kampsteina við bæjardyrnar eða í suður kampi hólfs B.

Rústín er vel gróin grasi og mosa.

Gamall árbakki er aðeins nokkra metra norðan við rústina og í honum eru ofabaráð sem færist nær henni, sérstaklega hólfí F (gerðinu).

## 5.2 Rannsóknin


Farið var með nákvæmlega sama hætti á þessum stað og á þeim fyrri. Sett var upp eigið hnítakerfi og miðpunkturinn skýrður X 100 Y 200. Var kerfið látið leggja sig að lögun bæjarins sem var ekki alveg í stefnuna A – V. Því verður norður skv. kerfinu dálítið á skjön við segulnorður (sbr.

planteikningu). Ekki var ástæða að skilgreina sérstakan hæðarpunkt. GPS mæling á miðpuntinum var N64°21.137 W020°03.082 (skekka 6 m).

Stungið var ofan af öllum prufuholum og síðan grafið á hefðbundinn hátt eins langt niður og þurfa þótti.

Teknar voru stafrænar myndir og litskyggjur af gangi rannsóknarinnar. Planteikning af hinu meinta bæjarstæði var teiknað í mælikvarðanum 1:100 og snið í prufuholum 1, 2 og 5 í mælikvarðanum 1:20. Ekki þótti ástæða til að teikna snið í öðrum prufuholum. Engin sýni voru tekin.

### 5.2.1 Prufuhola 1




Mynd 10. Snið í prufuholu 1 í bæjargöngum Búðarárbakka. Lagskýringar eru á mynd 12 (Frumt. SSE/KM. Hreint. BFE).

Holan var grafin þar sem vænta mátti að bæjargöngin kynnu að vera. Stærð hennar var 1 x 1 m og staðsetning X 97 Y 199. Mesta dýpt hennar var 0,9 - 1 m.

Á ca. 0,5 m dýpi komu fyrstu viðarkolamolarnir í ljós og meintar þakhellur þar undir og við þær torfflyksur (úr þaki?). Þegar þakhellunum slepti, á ca. 0,62 m dýpi, kom sjálft gólfíð í ljós lagt hellum. Í því voru einstaka brennd bein og viðarkol.

Undir hellunum var greinilegt holrými sem reyndist vera lokræsi sem liggar sennilega út úr göngunum og húsinu til suðurs. Þegar tveimur gólfhellum var lyft kom í ljós að holrýmið náði vel inn í sniðin báðum megin (að sunnan og norðan). Voru gólfhellurnar ofan á minni hellum sem stóðu á rönd. Lokræsið er u.p.b. 0,5 m á breidd.

Neðst í prufuholunni fannst steinn með gati (Fn. 5) sem virðist vera lítillega unninn og notaður sem sakka. Virðist vera búið að slá úr steininum



Mynd 11. Planteikning af prufuholu 1. Dökku steinarnir eru undirstöður undir gólfhellur/ræsishellur. Á milli þeirra var ræsið (Frumt. SSE/KM. Hreint. BFE).

fyrir línu. Steinninn gæti einnig verið kljásteinn úr vefstað. Nánari verur fjallað um gripi í kafla 5.2.6.

### 5.2.2 Prufuhola 2

Holan var grafin í því sem Brynjúlfur Jónsson kallar baðstofuna sbr. tilvitnun í hann í kafla 3. Er hún nefnd hólf E á planteikningu. Stærð holunnar var 1 x 1 m og mesta dýpt 0,71 m.

Á um 0,50 m dýpi í NV – horni holunnar fannst örsmá flís úr rauðleir með brúnum glerungi (ekki tekið til handargagns vegna misskilnings). Fimm senti-metrum neðar var komið niður á viðarkol í NA – horni holunnar (leifar af rafti?). Gólfíð reyndist vera á 0,56 m dýpi þar sem dýpst var á það í vestur hluta holunnar. Var gólfíð grátt að lit með rauðleitri öskuslykju (móaska – járnútfellingar). Í því voru viðarkol og lítið eitt af brenndum beinum.

Ofan við gólfíð komu nokkrar hellur í ljós sem túnkaðar eru sem þakhellur, enda torfflykksur við þær (úr þakinu?).

Í prufuholunni fundust tvær hóffjaðrir (Fnr. 1 og 4), ein meint hóffjöður (Fnr. 3) og jaxl, trúlega úr kind (Fnr. 2). Hóffjaðirnar gætu bent til þess að rými þetta hafi verið notað til að hýsa hest.


### 5.2.3 Prufuhola 3

Prufuholan var grafin í hús tvö sem teiknað er á mynd Daniels Bruuns (sjá mynd 3). Nákvæmlega engar vísbendingar um mannvist komu í ljós (engin viðarkol, engir veggir, ekkert gólf). Eiginlega voru tvær 1 x 1 m stórar holur grafnar horn í horn. Var staðsetning þeirra X 78,5 Y 215 annarsvegar og X 79,5 Y 216 hinsvegar. Mesta dýpt holanna var 0,8 m. Sömu gjóskulög komu í ljós og áður hafa verið nefnd varðandi hinn meinta Búðarárbakka (sbr. kafla 4).

Brynjúlfur Jónsson nefnir ekki þetta meinta hús í sinni lýsingu.

### 5.2.4 Prufuhola 4


Við vettvangskönnun nú virtist mannvirki geta hafa staðið ca. 1 m NA af bæjarhúsunum (hús 3 á mynd 9). Var grafinn 1 x 2 m langur skurður í A –



Mynd 12. Sniðteikning af prufuholu 2 í meintri baðstofu Búðarárbakka (Frumt. SSE/KM. Hreint. BFE.

V, eða frá meintum dyrum inn að miðju hússins. Staðsetning skurðarins var X 107 Y 207. Mesta dýpt hans var 0,8 m.

Ekkert kom í ljós sem staðfesti að hér hafi staðið mannvirki. Sömu gjóskulög komu í ljós í þeim og áður hefur verið getið.



Mynd 13. Snið í prufuholu 5, meintan heygarð eða aðhald (Frumt. SSE/KM. Hreint. BFE).

### 5.2.5 Prufuhola 5

Prufuholan var grafin þvert yfir meintan garðvegg í hólf sem Brynjúlfur kallar heygarð. Er það nefnt hólf F á planteikningu (mynd 9).

Holan var 0,5 x 2 m (N – S). Staðsetning hennar var X 102,5 Y 193 og mesta dýpt hennar var 0,75 m um miðbikið.

Á 0,22 m dýpi komu í ljós steinar nálægt X 103,7. Voru þeir beint undir tveimur svörtum og grófum gjóskulögum. (Líklega sömu lög og áður hefur verið lýst þrátt fyrir mun á lýsingu grófleikans).

Í skurðinum kom í ljós grjótveggur sem var um 0,9 m á breidd. Var hann frekar veigalítill og ekki verið hluti af yfirbyggðu húsi. Engin gólf komu í ljós. Grafið var niður á dautt.

Ekki verður sagt með vissu hvort hér sé kominn heygarður eða eitthvað annað. Hugsanlega hefur þetta verið aðhald fyrir skepnur, en á planteikningu má ímynda sér kró vestan við opið. Gæti það hafa verið lambakró?

### 5.2.6 Gripir

Aðeins fimm gripir fundust við rannsóknina auk örsmárrar flísar úr rauðbrúnglerjuðum rauðleir sem ekki var skráður.

Enga þessara gripa er hægt að aldursgreina nákvæmlega. Peir sína þó að á bænum hefur að öllum líkindum verið hafðar kindur og hestur. Steinninn með gatinu hefur mjög sennilega verið sakka eða netasteinn frekar en kljásteinn. Í Sýslu- og sóknarlýsingu segir að til forna hafi laxveiði verið í Hvítá en sé víðast hvar aflögð um 1840 (1979:125). Í Chorografia Isl. segir

Árni Magnússon að mikið sé af silungi í lækjum þeim sem renna í Hvítá (1955:41).

Varla er hægt að hugsa sér búsetu á þessu svæði án þess að nýttir séu allir þeir möguleikar til bjargræðis sem til eru.

Niðurstaða rannsóknanna á þessum stað eru að þarna hefur kotbýli verið og ekkert sem bendir til annars en það hafi verið Búðarárbakki. Ekkert er útihúsið og engar vísbendingar um túngard eða önnur mannvirki á staðnum önnur en bæjarhúsin og gerðið áfast því.

Minjarnar eru vel varðveittar og ekkert mannlegt rask hefur átt sér stað þarna síðan bærinn var yfirgefinn. Náttúruöflin gætu þó verið með aðrar hugmyndir og eytt bænum innan einhverra áratuga. Þeim hefur þegar orðið afkskaplega vel ágengt með hina fornu byggð ofar í afréttinni.

Nokkur hæðarmunur var á gólfí í prh. 1 og 2. Var það ca. 0,25 m hærra í prh. 2.

Hús þau sem aftast voru í bæjarþyrpingunni stóðu gjarnan hærra en framhúsin og voru baðstofur gjarnan eitt bakhúsanna fyrr á öldum. Pessi ráðstöfun gerði baðstofur hlýrri (Guðmundur Hannesson 1943:151). Einnig skapaði þessi halli góðan vatnshalla hvort sem hann var fyrir rigningavatn eða hland úr skepnum.



Mynd 14. Horft yfir bæjarstæðið Búðarárbakka og Búðarártungu handan við Búðará. Lengst til vinstri á myndinni sér í ármót Búðarár og Hvítár. Horft mótt N. Ljósm. BFE (Stafrænar myndir nr. 62).

## IV

### **6 Samanburður og umfjöllun**

#### **6.1 Um aldur Búðarárbakka**

Komið hefur fram hér að framan að í nokkrum prufuholum sáust þrjú svört gjóskulög, gróft, fínt og aftur gróft á nokkrum stöðum. Mögulega eru þetta eftirfarandi gjóskulög; Hekla 1766, Kalta 1721 og Hekla 1693. Þessi ályktun byggir á gjóskustöplum sem Sigurður Þórarinsson birtir í Árbók fornleifafélagsins árið 1949 (1949:49). Í stöplum frá Tungufelli (suður af Búðarárbakka í sömu sveit) og Þórarinsstöðum (norður af Búðarárbakka á Hrunamannafrétti) koma engin yngri svört gjóskulög fram.

Sé þessi ályktun um aldur gjóskulaganna rétt, þýðir það að Búðarárbakki er eldri en 1693 og frásagnir Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um bæ Porkels um 1660 gætu verið réttar (1918-1921:273).

Bærinn á Búðarárbakka er gangabær, en sú gerð kom líklega fram á sjónarsviðið í lok 14. aldar eða þar um bil og varð fullmótuð í lok 15. aldar. Þessi bæjargerð lifir svo áfram allt fram á 19. öld. Helstu einkenni slíks bæjar eru göngin nálægt miðju bæjarins og herbergi í framhúsum og bakhúsum út frá þeim til beggja handa. Nothæf skilgreining gæti verið að gangabær er bær með a.m.k. einni röð af bakhúsum og þar sem gangur liggar a.m.k. hjá þrennum dyrum með kömpum.

Flestir bæir sem rannsakaðir hafa verið hér á landi eru frá landnámsöld og fyrstu öldum byggðar í landinu. Yngri bæir hafa mjög líttill gaumur verið gefnir. Frá 13. öld og nær nútíma eru aðeins einstaka bæir rannsakaðir. Þetta þýðir að við höfum ekki sérlega haldgóða þekkingu á því hvort einstök byggðalög þróuðu sjálfstæða húsagerð og hvernig. Okkur hefur verið gjarnt að alhæfa nokkuð um þróun húsagerðar á Íslandi út frá einstaka lausnum höfuðbýla yfirstéttarinnar og draga mjög frjálslegar ályktanir í þeim efnum svo sem um hinn hreina skála, Pjórsárdalsgerðina, norðlenska- og sunnlenska bæi o.s.frv. Bent hefur verið á að búskaparalag gat verið með talsvert ólíkum hætti eftir landshlutum á síðari tímum. Ekkert er því til fyrirstöðu að svo hafi einnig verið fyrr á öldum. „*Margar tilraunir til alhæfinga um þróun íslenskra bæjarhúsa eru með þeim annmarka að ekki er gert ráð fyrir svæðisbundnum mun eða tilbrigðum í húsagerð*“ (Sveinbjörn Rafnsson 1977:97).

Alþýðumannaheimili og kotunga tóku kannski annan pól í hæðina, fundu aðrar lausnir af þeirri einföldu ástæðu að þau höfðu önnur vandamál sem leysa þurfti svo sem aðgengi að eldsneyti, timbri, fjölda í heimili, færri kýr/hestar, meira flakk vegna vinnuskyldu o.s.frv.).


Einu fullrannsökuðu bæirnir sem hægt er að bera Búðarárbakka saman við, vegna nálægðar í tíma, eru annarsvegar Forna-Lá í Eyrarsveit á Snæfellsnesi og hinsvegar og ekki síst Sandártunga í Pjórsárdal. Á aðra bæi verður svo minnst lítilega eftir þörfum.

## 6.2 Forna-Lá

Forna-Lá er talin hafa verið í byggð einhvern tímann á tímabilinu 1450 – 1550 (Kristján Eldjárn 1951:108). Byggir sú aldursgreining einungis á hluta úr eirpotti sem talinn er geta verið frá 15. – 17. öld, en vegna þess að bæjarins sé ekki getið í Jarðabók Árna og Páls frá öndverðri 18. öld, geti hann ekki verið yngri en frá 16. öld að mati Kristjáns. Pessi aldursgreining er byggð á tilfinningu höfundar og er því ekki áreiðanleg.

Forna-Lá bærinn er stærri en Búðarárbakkabærinn eða um 11 x 23 m (miðað við 11 x 16 m). Munurinn á flatarmáli bæjanna er minna. Helsti munurinn á lögun bæjanna er sá að innst í húsum Fornu-Láar, NNA út úr herbergi B er aflangt rými, en á Búðarárbakka er eitt rými innst í göngunum (herbergi E) og myndar þannig þriðju húsaröðina ef formið er rétt greint á yfirborði.

Um bæjargöngin öll og út um bæjardyrnar í Fornu-Lá lá lokræsi. Um þetta segir Kristján Eldjárn: „*Sérkennilegast við þennan bæ er ræsakerfi það, sem um hann greinist. Göngunum hallar fram, og eftir þeim endilöngum liggur holræsi, sem gengur fram úr bæjardyrum. Fram í þetta aðalræsi gengur ræsi undan fjósflór og eldhúsgólfí og skálagólfíð slíkt hið sama. Þar liggur hellupakið ræsi fram með austurvegg, en beygir síðan fram á gólfíð og út undir hellunum í dyrunum. Úr hægra bakhúsini, „baðstofunni“, er ekkert ræsi*“ (1951:106).



Mynd 15. Forna-Lá í Eyrarsveit, Snæfellsnesi. Inn af hólfi B er trúlega hlaða þó smá sé. Stærðarhlutföll eru ekki alveg þau sömu og á mynd 16, en nærri

Ekki kemur fram hve hallinn á ræsinu er mikill, en hann hefur væntanlega verið „nægjanlegur“. Hin svokallaða baðstofa (herbergi C) er að mati Kristjáns ekki örugg greining. Mjög fáir gripir (11 hlutir úr 9 gripum) fundust við rannsóknina.<sup>3</sup>

Um Fornu-Lá eru nokkur munnmæli og þar á meðal um að kona nokkur, Sleif að nafni, hafi til forna numið þar land. Einnig segja munnmæli að hof hafi verið á bænum til forna. (Sami 1951:102 - 103).

Petta segir okkur að munnmæli geta verið fljót að gleypa rústir og gefa þeim nýja og „merkilegri“ sögu og forna.

### 6.3 Sandártunga

Sandártunga mun hafa farið í eyði í Heklugosi árið 1693 (Kristján Eldjárn 1951:108).

Um jörðina er býsna mikið vitað. Hún var í eigu biskupsstólsins í Skálholti og síðasti ábúandinn hét Eiríkur Ingimundarson, sem fæddur var 1660. Frá Sandártungu flutti hann eftir gosið í Haga í sömu sveit (Eystrihrepp). Bjó hann þar í góðum efnum til dauðadags um 1740 (sami 109 – 110). Ekki bendir þessi ferill bónadans í Sandártungu til þess að hann hafi beinlínis verið kotungur þó ekki hafi hann kannski verið efnaður framan af. Sandártunga var 12 hundruð að dýrleika, en meðaltal bæja á Íslandi var 20 hundruð (Hörður Ágústsson 1987:245). Hagi var 25 hundruð um miðja 19. öldina (Johnsen 1847:64).

Bærinn í Sandártungu hefur verið um 13 x 18,5 m stór eða dálítið stærri en Forna-Lá. Bakhúsin stóðu nokkuð hærra en framhúsin sbr. teikningu af bænum (mynd 16). Einkum mun hús D hafa staðið hærra.


Kristjáni finnst Sandártunga mun „kytrulegri“ en Forna-Lá (sami 1951:114). Hann á þá við að herbergin sjálf eru minni þó veggir virðist vera breiðari víðast hvar. A.m.k. má ætla að Forna-Lá hafi verið álíka stór og Sandártunga í hundruðum metin.

Ekki varð vart ræsa í bænum, en bæjargöngin voru þó hellulögð innst sem yst og náði hellulögnin út fyrir dyrakampana.

Herbergi E minnir mjög á útskotið út úr herbergi B á Fornu-Lá. Það er þó stærra og liggar samsíða bænum, ekki beint út frá honum eins og á Fornu-Lá. Virðist það vera tvískipt alveg eins og herbergið í Fornu-Lá, þó stærðir séu allt aðrar. Að öðru leyti virðist vera sami munur á þessum bæ og Búðarárbakka og Fornu-Lá og Búðarárbakka.

Um 1 m innan við útidyrakampana voru tveir steinar þvert fyrir og mynduðu þeir um 0,2 m hátt þrep niður í göngin. Sjálf göngin hækkuðu þó eftir því sem innar dró (sami 1951:111 – 113). Um túlkun einstakra

<sup>3</sup> Þrjú brot af litlum steyptum eirpotti. Met úr bláyi. Snældusnúður 10,2 sm í þvermál, sá stærsti þá á Þjóðminjasafni Íslands. Sleggjuhaus (steinsleggja), 3 brýni og 2 járnstykki



Mynd 16. Sandártunga í Þjórsárdal. Um hlutverk herbergis C er ekki getið í skýrslu. Stærðarhlutföll eru ekki alveg þau sömu og á mynd 15, en nærrí því. Skýringar á einstökum herbergjum eru skv. Kristjáni Eldjárn.

herbergja er ákveðin óvissa. Er t.d. mjög óvenjulegt að sjá baðstofuna í framhúsum bæjarins en ekki í bakhúsum. Um hlutverk herbergis C er ekki getið í skýrslu. Leyfi ég mér að endurtúlka öll herbergin á eftirfarandi hátt:

Herbergi A er skáli og þá er miðað við mörg hús þar sem skáli er fyrsta hús til hægri eða vinstri.

Herbergi B er skepuhús og herbergi E hlaða í framhaldi af því. Flórin hefur legið annarsstaðar út úr húsinu en um bæjargöngin.

Herbergi C er eldhúsið og herbergi D er baðstofan, en það herbergi liggur hæst.

Í bænum fundust 16 gripir, auk fjölmargra smásteina, beina og gripa utan við bæinn.<sup>4</sup>

Vistarverur manna minka frá Fornu-Lá til Sandártungu, stærð skepuhúsa helst því sem næst óbreytt, en hlaðan stækkar. Hvort þetta sé

<sup>4</sup> Gjarðarhringja úr kopar, skeifa, 4 brýni, koparnagli, 2 járbrot, eirpjatla, 4 kljásteinar með náttúrengum götum og 2 slegguhausar (steinsleggjur). Að auki fannst „eigi alllangt frá bænum“ steinn með boruðu gati (hverfissteinn?), fjölmargir smásteinar, sérstaklega í NA – horni baðstofu og fún húsdýrabein.


einhver þróun eða staðbundinn munur sem þarna má lesa verða frekari rannsóknir að leiða í ljós.

#### 6.4 Önnur kot

Ýmsir bæir víðsvegar um landið hafa mjög svipaða lögum og þeir bæir sem fjallað hefur verið um hér að framan. Sumir þeirra voru skoðaðar fyrir löngu eða um aldamótin 1900. Fyrstan skal nefna bæ við Ljósavatn í Ljósavatnshreppi, Suður - Þingeyjarsýslu. Petta er gangabær sem svipar mjög til hinna fyrrtoldu. Stærð hans er um 9 x 10 m (auk gerðanna tveggja). Er rústin kölluð „Fornar tóttir“ í Árbók Hins ísl. fornleifafélags. (Matthías Pórðarsson 1924:52). Voru þær friðlystar sem „gamlar bæjartóttir“ árið 1930 (Fornleifaskrá 1990:51). Form bæjarins minnir mjög á Fornu-Lá, Sandártungu og Búðarárbakka. Stærð hans án gerðanna er um 9,5 x 11 m (Daniel Bruun 1897:163). Trúi ég því að bærinn sé frá mjög svipuðum tíma og þeir, a.m.k. ekki eldri.

Eyðibýlið Geitafell í Reykdæla-hreppi, í heimalandi Grenjaðarstaðar í S – Þingeyjarsýslu var í byggð árið 1843 (Sýslu- og sóknarlýsingar 1994:152). Býlisins er einnig getið í Manntali á Íslandi 1816 og eru þá níu í heimili (Manntal 1974:1033). Býlisins er hinsvegar ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var árið 1712 (Arni Magnússon og Páll Vídalín 1943). Pá var aftur á móti býlisins Geitagerði getið sem hafði þá verið í eyði um 11 eða 12 ár (sami 1943:212). Í Jarðatali Johnsns frá 1847 er nafnið Geitagerði haft í sviga við nafnið Geitafell (Johnsen 1847:326). Petta þýðir væntanlega að eyðibýlið Geitagerði var byggt upp aftur einhverntíman skömmu eftir að Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð og seinni hluta nafnsins breytt úr gerði í fell. Ekki kemur fram hver dýrleiki jarðarinnar var, en hún hafði 2 (leigu)kúgildi og landskuldin var 0,60 skv. Johnsen (eða 60 álnir skv. Jarðabók). Sambærileg býli í sýslunni með 2 kúgildum og 0,60 í landskuld voru 8 – 12 hundruð (í eitt sinn 6 hundruð og í annað sinn 20 hundruð, en oftast 10. Johnsen 1847).

Mynd 18 af Geitafelli (stærð ekki gefin upp hjá Bruun) sýnir að gangabæjarlagið eins og það kemur fyrir á ofangreindum býlum lifir vel inn



Mynd 17. Forn rúst hjá Ljósavatni, S – Þingeyjarsýslu. Rústin var einnig teiknuð af Bruun 1897, en þá vantar ysta gerðið í NV og engar dyr á milli bæjarhússins og stærra gerðisins mótt NV. Skammt hjá er túngarður skv.


á 19. öldina og mögulega í ýmsum landshlutum. Það leysir hitavandann á svipaðan hátt t.d. með því að hafa baðstofuna hærri en aðrar vistaverur, mun hærri í þessu tilviki og bætir við hitagjafa undir hana, þ.e. fjósið.

Jónsbúð við Straumsvík í Hafnarfirði var þurrabúð í fyrstunni sem breyttist í hjáleigu (Bjarni F. Einarsson 1999). Þar voru aðeins tvö rými í bæjarhúsunum enda var kотið ekki gangabær. Annað rýmið, sem lá neðar og var með útgöngudyr, var líklega fjós, en hitt, sem ofar var, var baðstofan eða íbúðarrýmið. Hitamálin voru m.ö.o. leyst á svipaðan hátt og á býlunum sem fjallað er um hér að ofan.


Stærð Jónsbúðar var aðeins um 7,5 x 11 m, en þess ber að geta að fleiri hús voru á bæjarstæðinu svo sem fjárhús og hjallur. Stærðin segir okkur þó að ekki voru smábýlin stór þó komið væri fram undir 1900.

Í Innri Njarðvík var rúst nokkur rannsokuð í byrjun árs 2004 (Bjarni F. Einarsson 2004). Engar heimildir eru til um þessa rúst, en ofan á henni eru ungar rústir fjárhúss sem kallaðar hafa verið Arinbjarnarhús. Er afar algengt að ungar rústir hvíli ofan á eldri. Rústin sem rannsokuð var er talin vera leifar þurrabúðar eða tómthúss frá 18. öld. Minnir þessi rúst nokkuð á hluta Jónsbúðar, eða þess með dyrnum. Munurinn er þó sá að dyr Jónsbúðarrústarinnar snúa frá hafinu, en að því í Innri Njarðvíkurruštini.

Áfast Jónsbúðarrústinni að austanverðu var fiskþurrrunarreitur, en væntanlega er það gerði við Innri Njarðvíkurruština af svipaðri gerð og á Búðarárbakka. Þessi tvö kotbýli eru trúlega frá sama tíma, en annað við sjó,



Mynd 18. Grunnmynd og teikning af Geitafelli í S - Þingeyjarsýslu. Þó nokkur munur sé á byggingarefnum og lausnum í þessum bæ (timburþil, stigi og fjósbaðstofa, er sama hugsun í þessum bæ og m.a. Fornu-Lá, Sandártungu og Búðarárbakka.



Mynd 19. Jónsbúð við Straumsvík í Hafnarfirði. 1 er baðstofan og fjósið. 2 hjallur, 3 sólþurrrunarreitur, 4 vörlugardur, 5 skeppnuhús, 6 túngarður, 7 brunnur, 8 grjótgarður (vatnsból) og 9 stekkkur. (Bjarni F. Einarsson 1999:5).

hitt upp í afdöllum. Njarðvíkurrustin er svokölluð þurrabúðargerð eldri (Hörður Ágústsson 1998:47), en Búðarárbakki er gangabær ein og áður er getið.


### 6.5 Aðlögun eða ekki?

Pegar menn fóru fyrst að rannsaka húsagerð á Íslandi var gjarnan talið að gangabærinn bæri frekar vott um hnignun húsagerðar og samfélagsins en jákvæða þróun eða heppnaða aðlögun. Menn töldu gjarnan að manneskjan væri leiksoppur ytri aðstæðna svo sem veðurfars, eldgosa, vatnafars o.s.frv. og það hefði stýrt þróun samfélagsins í hnignunarátt (Porsteinn Erlingsson 1899. Guðmundur Hannesson 1943. Sigurður Pórarinsson 1974.). Pessari afstöðu hefur verið hafnað á seinni árum (Bjarni F. Einarsson 1992. Orri Vésteinsson 2002).

Orsakir þróunar íslenskra híbýla hafa verið taldar ýmsar, svo sem veðurfarsbreytingar (sjá síðar), ákveðinn skortur á eldsneyti (Hörður Ágústsson 1987:297), eða skortur á erlendu timbri (Gísli Gestsson 1959:49). Einnig hefur einokunninni verið kennt um meinta hnignun íslenskra híbýla (Arnheiður Sigurðardóttir 1966:136). Eldgos hafa sömuleiðis verið nefnd til sögunnar sem afdrifaríkur áhrifavaldur á samfélagsþróunina og þar með talið híbýli (Sveinbjörn Rafnsson 1990:100).

Varðandi meintan eldsneytisskort hefur verið bent á að eldiviður hafi ekki verið af jafn skornum skammti og vænta mætti. Bæði hafi skógar enst vel, mótk verið víða og tað vel aðgengilegt. Því sé ekki hægt að nota eldsneytisskort sem skýringu á breytingum í húsagerð (Orri Vésteinsson og Ian A. Simpson 2004:181). Víða var þang einnig notað. Gnótt eldsneytis þýðir þó ekki að veðurfarið hafi ekki haft ákveðin áhrif.

Veðurfar hefur oft verið talið hafa farið versnandi á 12. öld (Páll Bergþórsson 1987:215. Árný E. Sveinbjörnsdóttir og Sigfús J. Johnsen 2002:139. Hjalti J. Guðmundsson 2002:162). Kallast kuldaskeið það sem fylgdi í kjölfarið litla ísold. Pessi kólunun getur vel hafa verið ein ástæða þess að híbýli manna breyttust á þessum tíma, þó meginbreytingin á húsagerðinni hafi ekki verið afstaðin fyrr en á 14. öld með tilkomu gangabæjarins. Gæti það stafað af því að áhrif hins kólndi veðurfars fór



Mynd 20. Rúst 60:1-4 í Innri-Njarðvík, Reykjanesbæ (Arinbjarnarhús). Rúst 60:1 (með herbergjum A – B) er ung rúst ofan á eldri (nr. 2 – 4).. Teikningin er ekki mjög nákvæm, en sýnir þó afstöðu mannvirkjanna (Bjarni F. Einarsson 2004:6).

ekki að gæti með skyndilegum hætti, heldur var um hægfara breytingu að ræða t.d. minnkandi skóglendi, minni grasuppskeru o.s.frv. Einmitt vegna þessara hægfara breytinga náði samfélagið að aðlagast þeim og ein birtingamyndin í þeirri aðlögun var breytt húsagerð.

Aðrar ástæður fyrir þessari breytingu voru t.d. minnkandi aðgengi flestra, ekki síst alþýðunnar, að rekavið til húsbryggings. Hinir fornu skálar þurftu öflugri máttarviði en gangabærnir þar sem búið var að skipta rýminu upp í mörg minni herbergi hvert með sínu þaki sem þýddi veigaminni burðarviði. Á Íslandi uxu ekki nægilega stórvaxin tré til að uppfylla kröfur manna um ölfuga máttarviði svo snemma þurfti að hefja innflutning á slíkum við eins og Klængur biskup Porsteinsson gerði á seinni hluta 12. aldar (Björn Porsteinsson 1991:65).

Alþýðan hafði ekki möguleika á að flytja sjálf inn húsaviði eins og stólarnir gerðu strax á miðoldum. Á 17. öld þegar allur þorri bænda voru leiguliðar var þeim gert skylt af kóngi að halda húsum ábýlisjarða sinna við. Áður hafði þessi skylda hvílt á landeigenda (sami 1991:214). Þessi aðstaða hlýtur að hafa þýtt að ákveðin munur var á húsagerð alþýðunnar (leiguliðanna) og yfirstéttarinnar. Um það verður þó ekki mikið meira sagt fyrr en yfirgripsmeiri rannsóknir og birting þeirra hafa farið fram á híbýlum yfirstéttarinnar. Okkur bráðvantar að sjá hvernig bæirnir litu út í heild sinni, en ekki brot af þeim eins og hingað til hefur verið.

Allir þeir þættir sem nefndir eru hér að ofan hafa haft ákveðin áhrif á aðlögun samfélagsins, en það var manneskjan og samfélag hennar sem var við stjórnvölina.

Í lok 17. aldar fór trúlega nokkuð kólnandi ef marka má samsætumælingar á Grænlandsjökli (Árný Erla Sveinbjörnsdóttir o.fl. 2002:139). Þessi kólnun hafði trúlega ekki áhrif á híbýlin sjálf, en hins vegar gat hún gert ýmsum ómögulegt að skrimmta á stöðum sem ekki töldust annars fýsilegir svo sem hátt uppi til fjalla. Smávægileg breyting á hitastigi, úrkomu eða öðrum veðurfarslegum atriðum gat skipt sköpum á slíkum stöðum.

## *6.6 Hvað segja gripirnir*

Ef borin er saman gripaflóran í Fornu-Lá og Sandártungu við samtíða íslensk höfuðból sem rannsókuð hafa verið að hluta til, svo sem Viðey, Kirkjubækarklaustur, Skálholt o. s. frv. kemur fram gríðarlegur munur. Innfluttur lúxus-varningur svo sem leirtau, krítarpípur, gler, eðalmálmar o.s.frv. nær vart til smábýlanna eða hjáleiganna. Enginn slíkur lúxusvarningur fannst í Sandártungu né Búðarárbakka. Eirpotturinn sem fannst í Fornu-Lá hefur verið mikil fjárfesting á sínum tíma, en ekki sem prjál

heldur nauðsyn. Einn gripanna í Fornu-Lá er kallað met úr blýi. Jafn líklegt er að það sé sakka úr blýi.

Staður	Aldur	Rannsakaður	Stærð	Landsskuld	Kúgildi	Dýrleiki	Í heimil
Forna-Lá	1500-1700	1950?	11x23	-	-	-	-
Sandártunga	-1693	1950?	13x18,5	-	-	12	-
Ljósavatn	17. öld?	Nei	9x10	-	-	-	-
Geitafell	18.-19. öld	Nei	-	0,60	2 (var 3)	-	9
Búðarárbakki	17. öld	2004	11x16	xx álnir	0	-	1 <sup>5</sup>
Jónsbúð	Um 1900	1998	7,5x11	-	-	-	3
Fífilbrekka	1912-1921	2000	12x25	-	-	-	2 <sup>6</sup>

Tafla 1. Rannsakaðir bæir. Upplýsingarnar eru ekki alltaf frá sama tíma, en miklar breytingar hafa ekki verið. Gerðum og heystæðum er sleppt þegar stærðir eru gefnar uppi.

Í Sandártungu fundust gripir úr reiðtygjum hests og skeifa. Einnig fannst þar smávægilegt annað innflutt.

Á Búðarárbakka fundust aðeins fimm gripir (sbr. mynd 21) eins og áður hefur komið fram. Fjórir gripanna fundust í prufuholu 2 í herbergi E. Einn fannst í prufuholu 1 í utanverðum bæjargöngunum. Tveir gripanna í herbergi E eru hóffjaðir. Peir gætu bent til þess að herbergi E hafi verið annað en baðstofa eða bæði baðstofa og hesthús.

Litla leirtausflísin, sem fannst á Búðarárbakka er nokkuð sérstök vegna þess að leirtau getur talist til munaðarvöru. Kannski er skýringin á því að á Búðarárbakka fannst leirtau, en ekki Fornu-Lá né Sandártungu, falin í þeirri hugsanlegu staðreynd að á Búðarárbakka bjó sérvitringur sem fór sínar eigin leiðir en á hinum bæjunum voru venjulegar fjölskyldur sem voru ekki aflögufærar á útlenskt krams nema þegar nauðsyn bar til (brýni, ketill, járn?). Gripaflóran á íslenskum alþýðuheimilum breyttist svo mjög mikið á



Mynd 21. Allir gripirnir frá Búðarárbakka. Nr. 1 t.v. og svo koll af kolli (hóffjöður, jaxl, járn, hóffjöður og sakka). Ljósm. BFE (stafrænar myndir nr. 65).

